

**SAMÞYKKT****um forkaupsrétt hafnarsjóðs Akureyrar og bæjarsjóðs Akureyrar  
á nokkrum fasteignum á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., samþykkti bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 6. nóvember 1962 að áskilja hafnarsjóði Akureyrar forkaupsrétt á lóðum og fasteignum Sverris Ragnars og db. Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga á Akureyri. Enn fremur samþykkti bæjarstjórn Akureyrar á sama fundi að áskilja bæjarsjóði Akureyrar, vegna skipulags, forkaupsrétt á eftirtöldum fasteignum á Akureyri:

1. Húseigninni Melstað í Glerárþorpi,
2. — Gránufélagsgötu 1,
3. — Gránufélagsgötu 11,
4. — Geislagötu 1,
5. — Geislagötu 39,
6. — Glerárgötu 9,
7. — Eyrarlandsvegi 19.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum  
byggingarsamvinnufélaga.**

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kaupunum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

66. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag iðnverkafólks. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 27. ágúst 1958.
67. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag flugvallarstarfsmanna. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 30. okt. 1958.
68. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag húsasmiða. Starfssvið þess er: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Garðahreppur. Varnarþing Reykjavíkur. Staðfest 23. júlí 1960.